

Dalvíkurbyggð  
Börkur Þór Ottósson  
Ráðhúsi Dalvíkur  
620 Dalvík

Reykjavík, 27. janúar 2020  
Tilvísun: 201906009 / 3.2

---

## Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar íbúðarsvæðis 312-Íb og fjölgun íbúða í Hóla- og Túnahverfi

---

Dalvíkurbyggð hefur auglýst breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar íbúðarsvæðis í Hóla- og Túnahverfi með athugasemdafresti til 31. janúar 2020.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 20. nóvember 2019 með uppdrætti í mkv. 1:10.000 og greinargerð.

Samkvæmt auglýstri breytingartillögu er íbúðarsvæði 312-Íb stækkað um eina lóð til norðurs fyrir parhús. Skipulagsákvæðum er einnig breytt til samræmis við að í tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis er gert ráð fyrir að þetta byggð á reit 312-Íb (Túnahverfi), þ.e. fjölga íbúðum frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi, sbr. einnig 2. mgr. 28. gr. skipulagslaga. Auglýst deiliskipulagstillaga gerir jafnframt ráð fyrir fjölgun íbúða í Hólahverfi (314-Íb).

Ítrekuð er athugasemd Skipulagsstofnunar um að breyta þurfi skipulagsákvæðum fyrir 314-Íb með sama hætti og gert er fyrir 312-Íb til leiðbeiningar fyrir deiliskipulag, sbr. bréf 14. nóvember 2019.

Jafnframt er það áréttað að í umhverfismatið vantar að gera grein fyrir áhrifum skipulagstillögunnar á samfélag, þá einkum áhrif á hagsmuni íbúa og fasteignaeigenda á svæðinu.

Minnt er á að þegar samþykkt skipulagstillaga er send til staðfestingar Skipulagsstofnunar þarf að fylgja með umsögn um hvernig sveitarstjórn hefur brugðist við framkomnum athugasemdum og umsögnum umsagnaraðila.

*Jóhanna Hrund Einarsdóttir*  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir

